

Á 425. fundi byggðarráðs Norðurþings þann 30. mars 2023, var tekið fyrir neðangreint erindi:

Málsnr. 2303090 – Umsögn; Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Umsögn Byggðarráðs Norðurþings:

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að greiða framlög til sveitarfélaga í þeim tilgangi að jafna mismunandi tekjuöflunarmöguleika og útgjaldbætur þeirra. Af því leiðir að framlög til sveitarfélaga eru mjög mismunandi. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga og hefur ráðherra sveitarstjórnarmála á hendi yfirstjórn sjóðsins.

Byggðarráð telur jákvætt að verið sé að endurskoða regluverk Jöfnunarsjóðs og stuðla þannig að meiri fyrirsjáanleika í rekstri sveitarfélaga. Einnig er jákvætt að gert sé ráð fyrir skerðingu á framlögum úr sjóðnum nýti sveitarfélög sér ekki útsvarshlutfall að fullu enda má þá áætla að viðkomandi sveitarfélög þurfi ekki á auknum tekjum úr jöfnunarsjóði að halda til að standa undir þjónustu.

Lagt er til nýtt jöfnunarframlag vegna sérstakra áskorana sem skiptist í:

- a) framlag til sveitarfélaga með sérstakt höfuðstaðaralag.

Þar vill byggðarráð minna á að nokkur sveitarfélög á landsbyggðinni eru í dag að veita mikla og fjölþætta félagslega þjónustu sem einnig mætti taka tillit til. Þ.m.t. Norðurþing sem þjónustar byggðirnar sunnan Húsavíkur og allt austur til Bakkafjarðar og situr þar með í svipaðri aðstöðu og Akureyrarbær þó í minni skala sé.

- b) framlag vegna sérstaks byggðastuðnings.

Hérna telur byggðarráð að horfa þurfi til brothættra byggða og íbúabróunar í víðari skilningi en gert er í fyrirbyggjandi tillögum. Mögulega þurfi að horfa sérstaklega á einstaka byggðir þar sem aðstæður eru með þeim hætti að illa er hægt að heimfæra þær á sveitarfélög heilt yfir. Í því tilliti óskar Norðurþing eftir sérstakri umfjöllun af hendi Jöfnunarsjóðs um framlög til Norðurþings m.t.t. íbúabróunar og byggðarlegra aðstæðna á Raufarhöfn.

Þá er lagt upp með framlög vegna snjósmoksturs m.v. snjósmokstur í þéttbýli. Byggðarráð gerir athugasemd við að ekki sé líka tekið til snjósmoksturs á vegum með helmingaskipti sveitarfélaga og Vegagerðar og óskar eftir að það verði endurskoðað.